

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps í Gullbringusýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 9. nóvember 1973.

Björn Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

9. nóvember 1973.

Nr. 330.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjóð til stuðnings menntastofnunar á Ísafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. nóvember 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Sjóðs til stuðnings menntastofnunar á Ísafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sjóður til stuðnings menntastofnunar á Ísafirði.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Kristínu S. Kristjánsdóttur og Jóni Guðjónssyni, fyrrv. bæjarstjóra á Ísafirði, á Sjómannadaginn 4. júní 1972.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 507 315,30 — fimmhundruð og sjöþúsund þrjúhundruð og fimmtán krónur 30/100 —. Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og gjafir, er honum kunna að áskotnast. Einnig getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna með öðrum hætti.

Sjóðurinn skal ávaxtast á tryggilegan hátt eftir ráðstöfun sjóðsstjórnarinnar.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 5 manna stjórn og skipa hana fulltrúar eftirtaldrar samtaka og skólaflokkana á Ísafirði:

Alþýðusamband Vestfjarða, Sjómannadagsráð Ísafjarðar, Útvegsmannafélag Vestfjarða, Menntaskólinn á Ísafirði og Sjómannaskólinn á Ísafirði.

Meðan sérstakur sjómannaskóli er ekki starfandi á Ísafirði, skal sæti skólans í sjóðsstjórninni skipað fulltrúum þeirrar skólaflokkunar bæjarins, sem hefur sjómannafræðslu á námsskrá sinni.

Stjórnin kys sér formann, og skal hann jafnframt vera reikningshaldari sjóðsins. Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu lagðir fyrir sjóðsstjórnina fyrir Sjómannadag ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir af bæjarstjórnunum á Ísafirði og Skattstjórnunum í Vestfjarðaumdæmi.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og skal rita í hana skipulagsskrá þessa, fundargerðir, ársreikninga sjóðsins og ályktanir sjóðsstjórnar.

5. gr.

Markmið sjóðsins skal vera, að hlúa að þeim menntastofnunum, sem starfa á Ísafirði, m. a. með tækjakaupum til þeirra.

Einkanlega ber sjóðnum að efla sjómannafræðslu á Ísafirði og hvers konar fræðslu- og vísindastörf í tengslum við atvinnuvegina.

6. gr.

Sjóðsstjórnin metur, hvenær hún telur sjóðinn hafa bolmagn til styrkveitinga.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Ísafjörður, 7. júní 1973.

Í stjórn Sjóðs til stuðnings menntastofnunum á Ísafirði

Pétur Sigurðsson Kristján Jónsson
fulltrúi Alþýðusambands Vestfjarða. fulltrúi Sjómannadagsráðs Ísafjarðar.

Jón Baldvin Hannibalsson Jón Páll Halldórsson
fulltrúi Menntaskólans á Ísafirði. fulltrúi Útvegsmannafélags Vestfjarða.

Aage Steinsson
fulltrúi Iðnskóla Ísafjarðar.

AUGLÝSING

um skipulag í Borgarhafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Borgarhafnarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu. Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

A R Ð S K R Á

Veidifélags Þingvallavatns.

	Einingar
Þjóðgarður	17.5
Arnarfell	5.5
Mjóanes	10.5
Miðfell	9.0